

Aðstæður

Aðstæður # 1

Reyndu að útskýra fyrir afgangslumanni í búð, án orða, að þér líði mjög illa. Þú þurfir á lyfjum að halda, en þú gleymdir þeim heima þannig að afgangslumaðurinn þarf vinsamlegast að hringja í mömmu þína.

Þú getur ekki talað, teiknað eða skrifað neitt niður á blað.

Aðstæður # 2

Þú ert í skólanum og ert að reyna að segja bekkjarfélögum þínum að þér finnst gaman á hjólabretti (alveg eins og þeim) og að það verði frábær hjólabrettakeppni niðri í bæ um helgina. Þig myndi virkilega langa að fara með þeim að sjá keppnina.

Þú getur ekki talað, teiknað eða skrifað neitt niður á blað.

Aðstæður # 3

Þú ert staddur/stödd á BSÍ og langar að taka rútuna til Hveragerðis. Þú þarft að komast að því á hvaða tíma næsta rúta fer, hvaðan hún fer og hvað miðinn kostar fram og til baka.

Þú getur ekki talað, teiknað eða skrifað neitt niður á blað.

Aðstæður # 4

Reyndu að útskýra fyrir kennaranum þínum að þú hefur ekki klárað heimaverkefnið vegna þess að þú þurftir að fara til læknis. Þú misstir af strætisvagninum á leiðinni heim og komst ekki heim til þín fyrr en mjög seint í gær. Þú varst þreytt(ur) og fórst strax að sofa.

Þú getur ekki talað, teiknað eða skrifað neitt niður á blað.
